

Alþingi
Erindi nr. P 130/254
komudagur 21.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. nóvember 2003

Til viðbótar vegna umsagnar til efnahags- og viðskiptanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum.

Í kjölfar fundar með efnahags- og viðskiptanefnd í dag óskar Félag íslenskra bifreiðaeigenda eftir því að koma eftirfarandi viðbótarupplýsingum á framfæri við fulltrúa i nefndinni.

Nýleg töluleg samanburðargögn frá fjármálaráðuneytinu (efnahagsskrifstofu) um tekjur ríkissjóðs af bifreiðum og umferð sem væntanlega eru sett fram til upplýsingar taka ekki tillit til veigamikilla tekjuliða ríkissjóðs af bifreiðanotkun. Í tölugögnin vantar tekjur ríkissjóðs vegna skatttekna af hjólbörðum, varahlutum og viðgerðum bifreiða. Tekjur ríkisins vegna þessara liða á árinu 2001 voru kr. 496 m.kr vegna hjólbarða og 2.098 m.kr vegna varahluta og viðgerða. Ef við tókum þessar tekjur óbreyttar fyrir komandi ár 2004 þá verða áætlaðar tekjur ríkissjóðs vegna bifreiðanotkunar 32.342 m.kr. en ekki 29.748 m.kr.

Á samantektarblaði fjármálaráðuneytisins eru taldar fram svokallaðar óbeinar tekjur sem sagðar eru áætlaðar tekjur af virðisaukaskatti vegna eignar og reksturs einkabíla. Þarna virðist fyrst og fremst um að ræða tekjur af VSK vegna eldsneytissölu þannig að sá liður tekur ekki yfir tekjurnar af hjólbörðum, viðgerðum og varahlutum.

Virðingarfyllst,

Félag íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Ólafsson